

85
3. sept. reiðubúinir, fari Svíar þess á leit, að aðstoða á allan hátt við útvegum og flutning á saltbirgðum þeim, sem með þarf, til Íslands. Tilskilið er, að tunnur og salt verði fyrir hendi á hinum ýmsu söltunarsstöðvum með þeim kostnaði, sem hlutaðeigandi sænsk yfirvöld geta fallt á.

Stokkhólmi, 7. apríl 1945.

allt sátt meðverka till anskaffande och transport till Island av erforderliga kvantiteter salt. Det förutsattes, att tunnor och salt kunna tillhandahållas på respektive saltningsplats till kostnader, som av vederbörande svenska myndigheter kunna godtagas.

Stockholm den 7 april 1945.

Bókun um staðfestingu þessa samnings fór fram í Stokkhólmi hinn 20. júlí 1945, og öðlast samningurinn því gildi þann dag.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðherrann, hinn 3. september 1945.

Ólafur Thors.

86

12. sept.

AUGLÝSING

um loftflutninga milli Íslands og Svíþjóðar.

Hinn 20. apríl 1945 hefur með erindum utanríkisráðherra Íslands og sendifulltrúa Svíþjóðar í Reykjavík verið gerður samningur um loftflutninga milli Íslands og Svíþjóðar. Er í erindum þessum ákveðið, að samningurinn öðlist gildi samdægurs.

Fara erindin hér á eftir í islenzkum og sænskum texta.

Herra sendifulltrúi Otto Johansson,
Sænska sendiráðið, Reykjavík.

Reykjavík, 20. apríl 1945.

Herra sendifulltrúi,

Ég leyfi mér hér með að viðurkenna móttöku á erindi yðar, dags. í dag, þar sem þér tilkynnið mér tillögu ríkisstjórnar yðar um orðalag á gagnkvæmum loftflutningasamningi milli Íslands og Svíþjóðar, og er hún í fullu samræmi við það, er við höfum rætt varðandi þetta mál.

Efni samnings þessa er því sem hér segir:

Loftflutningasamningur milli Íslands og Svíþjóðar.

Með tilliti til tillögu þeirrar, sem undirrituð var 7. desember 1944 á alþjóðaflugmálaráðstefnunni í Chicago, Illinois, um að upp yrði tekið allsherjar samningsform um bráðabirgða loftleiðir og flugrekstur, og með því að æskilegt er

Herr Statsministern, m. m.,
Ólafur Thors, Reykjavík.

Reykjavík den 20 april 1945.

Herr Statsminister,

Under hänvisning till våra förhandlingar om ett luftfartsavtal mellan Sverige och Island har jag äran härmed bringe till Eder kännedom, att min Regering bemyndigat mig att med Eder medels notväxling avsluta ett sådant avtal av den lydelse, som framgår av nedanstående text, varom enighet uppnåtts under dessa förhandlingar.

Luftfartsöverenskommelse mellan Sverige och Island.

Med hänsyn till den vid den internationella civila luftfartskonferensen i Chicago, Illinois, den 7 december 1944 antagna rekommendationen avseende ett standardformulär till överenskommelser rörande provisoriske luftfartslinjer och

að örva gagnkvæmt og stuðla að heilbrigðri efnalegri þróun loftflutninga milli Íslands og Svíþjóðar, eru stjórnir beggja ríkja, sem aðilar eru að samningi þessum, ásáttar um, að stofnun og þróun flugrekstrar milli landa þeirra skuli hlíta þeim ákvæðum, er hér segir:

1. gr.

Samningsaðilar veita þau réttindi, er greind eru í viðbæti við samning þennan og nauðsynleg eru til að koma á þeim millilandaloftleiðum og flugrekstri, sem þar segir fyrir um, hvort heldur sem slíkur rekstur hefst þegar í stað eða síðar, samkvæmt ósk þess samningsaðila, sem réttindin eru veitt.

2. gr.

a) Flugrekstur, sem þannig er lýst, skal látinn hefjast, þegar er sá samningsaðila, er veitt hafa verið réttindin samkvæmt 1. gr. til að tilnefna flugfélag eða flugfélög til að starfa á viðkomandi loftleið, hefur löggilt flugfélag fyrir slíka loftleið, og sá samningsaðili, sem réttindin veitir, skal samkvæmt ákvæðum 6. gr. þessa samnings skyldur að veita viðkomandi flugfélagi eða flugfélögum slíkt rekstrarleyfi, sem um er að ræða, að því tilskildu, að krefjast megi af flugfélögum þeim, er á þennan hátt hafa verið tilnefnd, að þau sanni hæfni sína gagnvart þar til bærum flugmálayfirvöldum þess samningsaðila, er réttindin veitir, samkvæmt þeim lögum og reglugerðum, sem að jafnaði er beitt af slíkum yfirvöldum, áður en þeim er heimilað að takast á hendur rekstur þann, sem fyrirhugaður er í samningi þessum; enn fremur að því tilskildu, að á ófriðar- og hernámssvæðum eða svæðum, þar sem áhrifa þessa gætir, sé upphaf loftferða háð samþykki réttra hernaðaryfirvalda.

b) Það er undirskilið, að hvor samningsaðili, sem veitt eru viðskiptaréttindi með samningi þessum, skuli neyta þeirra svo fljótt sem hagkvæmt þykir, nema svo standi á, að honum sé það ókleift um stundarsakir.

önskværdheten av att ömsesidigt uppmuntra och befordra en sund ekonomisk utveckling av lufttrafiken mellan Sverige och Island, överenskomme de två avtalslutande regeringarna att upprättandet och utvecklingen av lufttrafiken mellan deras respektive territorier skall regleras av följande bestämmelser:

86

12. sept.

Artikel 1.

De avtalslutande parterna bevilja varandra i härvid fogande bilaga angivna rättigheter, vilka äro erforderliga för upprättande av i bilagan omförmälda civila internationella luftfartslinjer, oavsett huruvide avtalslutande part, som beviljats ifrågavarande rättigheter, väljer att påbörja trafiken omedelbart eller vid en senare tidpunkt.

Artikel 2.

a) Trafiken på härnedan angivna luftfartslinjer skall taga sin början, så snart avtalslutande part, som jämlikt artikel 1 erhållit rättighet utse ett eller flera luftfartsförttag att driva trafik å ifrågavarande linje, vidtagit dylik åtgärd, och har därvid avtalslutande part, som beviljat denna rättighet att, under beaktande av innehållet i artikel 6 härnedan, lämna det eller de företag, varom fråga är, vederbörligt trafiktillstånd; dock ett företag, som sålunda utsetts, kan åläggas att, innan den i detta avtal avsedde trafiken tager sin början, inför behörig luftfartsmyndighet i det land, som beviljat de angivna rättigheterna, styrka sig ha erforderliga kvalifikationar jämlikt av denna luftfartsmyndighet sedvanligen tillämpade lager och bestämmelser, samt att i områden, varest fientligheter pågå eller vilka äro föremål för militär ockupation eller äro därav berörda, trafikens påbörjande skall bero av vederbörliga militära myndigheters godkännande.

b) Det förutsättes, att envar av de avtalslutande parterna, som beviljats kommersiella rättigheter jämlikt denna överenskommelse, snarest möjligt skall begagna sig av desse, utom när tillfälliga orsaker lägga hinder i vägen härför.

3. gr.

Til þess að koma í veg fyrir misskipti í framkvæmd, og til að tryggja jafnræði í meðferð, samþykkja báðir aðilar:

a) að hvorum samningsaðila um sig heimilast að leggja á, eða leyfa að lögð verði á, réttmæt og sanngjörn gjöld fyrir afnot opinberra flughafna og annarra þæginda, sem hann hefur yfir að ráða. Hvor samningsaðili samþykkir þó, að þessi gjöld skuli eigi vera hærri en þau, sem greidd voru fyrir afnot slíkra flughafna og þæginda af hálfu innlendra loftfara, sem fást við sams konar rekstur.

b) Eldsneyti, smurningsoliur og varahlutir, sem fluttir eru inn á landssvæði annars samningsaðila af hinum samningsaðila eða þegnum hans og ætluð eru eingöngu til notkunar loftfara þess samningsaðila, skal fara með í samræmi við reglur um meðferð slíkra vara til innlendra aðila eða samninga um beztu kjör, hvað snertir álag tolla, skoðunargjalda og annarra innlendra gjalda eða álaga af hálfu þess samningsaðila, er ræður yfir því landssvæði, er slíkar vörur eru fluttar inn í.

c) Eldsneyti það, smurningsoliur, varahlutir, venjulegur útbúnaður og loftfaraforði, sem geymdur er um borð í loftfari flugfélags annars samningsaðila, sem heimild hefur til að starfrækja loftleiðir og flugrekstur, og lýst er í viðbæti, skal, við komu og brottför frá landssvæði hins samningsaðilans, undanþegið tolli, skoðunargjöldum eða þess háttar gjöldum og álögum, jafnvel þótt slíkum forða sé eytt eða hans neytt af loftfarinu á flugi innan landssvæðisins.

4. gr.

Loffærisskírteini, hæfnisvottorð og leyfisbréf, sem gefin eru út eða gerð eru gildandi af öðrum samningsaðilanum, skulu viðurkennd gild af hinum samningsaðilanum, um starfrækslu leiða þeirra og flugrekstrar, sem getið er í viðbætinum. Hvor samningsaðili áskilur sér þó rétt til þess að synja viðurkenningar um flug yfir eigið landssvæði, á hæfnisvottorðum og leyfisbréfum, sem gefin eru þegnum hans af öðru ríki.

Artikel 3.

För att undvika diskriminerande åtgärder och för att säkerställa behandling på lika villkor överenskomma de bägge avtalsslutande parterna att:

a) Envar av parterna må upptaga eller medgiva upptagande av rättvisa och skäligen avgifter för begagnandet av flygplatser och andra anläggningar, som stå under partens kontroll. Envar av parterna medgiver emellertid, att dessa avgifter icke skola vara högra, än ved landets inhemska luftfartyg i liknande internationell trafik erlægga för begagnande av sådana flygplatser och installationer.

b) Flytande drivmedel, smörjolja och reservdelar, som införas till den ens avtalsslutande partens territorium av den andra avtalsslutande parten eller dess medborgare och som uteslutande äro avsedda för sistnämnda parts flygplan, skola i vad avser tullavgifter, undersökningskostnader eller andra pålager medgivas nationell och mest-gynnadnationsbehandling av den avtalsslutande part, till vers territorium flygplan ankommit.

c) Flytande drivmedel, smörjolja, reservdelar, sedvanlig utrustning och förnödenheter ombord på civilt luftfartyg tillhörande avtalsslutande parts luftfartsföretag, som erhållit tillstånd driva i bilagen angivna trafik, skola vid ankomst till eller avgång från den andra avtalsslutande partens territorium vara befriade från tullavgifter, undersökningskostnader samt liknande pålagor och avgifter, även när sådans förråd nyttjas eller förbrukas vid flygning över sistnämnda parts territorium.

Artikel 4.

Luftvårdinghetsbevis, behörighetscertifikat och tillståndsbevis, som utfärdats eller förlänats giltighet av en av de avtalsslutande parterna, skola tillerkännas giltighet av den andra avtalsslutande parten i vad avser i bilagan angivna luftfartslinjer. Enhvar av de avtalsslutande parterna förbehåller sig emellertid rätt att, beträffande luftfart över dess eget territorium, vägra godkänna behörighetscertifikat och tillståndsbevis utfärdade för dess egna medborgarne av annan stat.

5. gr.

a) Lög og reglugerðir annars samningsaðila um för loftfars, sem rekið er í millilandaflogi, til eða frá landssvæði hans eða um starfrækslu og stjórn slíks loftfars, meðan það er innan landssvæðis hans, skulu gilda um loftför hins samningsaðilans, og skulu slík loftför hlýða þeim, þegar þau koma til landssvæðis hins fyrrnefnda samningsaðila, fara frá því eða eru innan landssvæðis hans.

b) Lögum og reglugerðum annars samningsaðilans um komu farþega, áhafnar eða farms loftfars til landssvæðis hans eða brottför frá því, svo sem reglum um komu, afgreiðslu, innflutning fólks, vegabréf, tollskoðun og læknis- skoðun, skal fylgt af eða vegna farþega, áhafnar eða farms við komu til, brottför frá eða viðstöðu á landssvæði hins fyrrgreinda aðila.

6. gr.

Hvor samningsaðili geymir sér rétt til að halda eða afturkalla vottorð eða leyfi til flugfélags hins aðilans í sérhverju tilviki, þegar hann telur eigi nægilega upplýst, að þegnar annars hvors samningsaðila hafi yfir að ráða verulegum eignarrétti og fullnægjandi eftirliti, eða þegar flugfélag fullnægir eigi ákvæðum laga þess ríkis, er það starfrækir flug sitt yfir, svo sem lýst er í 5. gr. þessa samnings, eða leysir eigi af hendi skyldu sína samkvæmt samningi þessum.

7. gr.

Þessi samningur og allir samningar í sambandi við hann skulu skrásettir hjá Bráðabirgðastofnun alþjóðaflogsam- gangna.

8. gr.

Hvor aðili getur sagt upp réttindum þeim til flugrekstrar, sem hann hefur veitt með samningi þessum, með því að senda hinum aðilanum uppsögn með eins árs fyrirvara.

Artikel 5.

a) Avtalsslutande parts lager och förordningar angående ankomst till och avfärd från samt färd över dess territorium med i internationell luftfart begagnade luftfartyg skola äga tillämpning på den andra avtalsslutande partens luftfartyg och skola av sådana iakttagas vid ankomsten till, avförden från samt uppehållet i förstnämnda parts territorium.

b) Avtalsslutande parts lagar och bestämmelser angående ankomst till eller avfärd från dess territorium av med luftfartyg befordrade passagerare, besättning och last, såsom bestämmelser om in- och utresa, immigration, pass tull och karantän, skola, personligen eller genom ombud, iakttagas av dessa passagerare och denna besättning samt tillämpas på denna last vid ankomsten till eller avfärden från eller under uppehållet i nämnda stats territorium.

Artikel 6.

Envar av de avtalsslutande parterna förbehåller sig rätt att förvägra den andra partens lufttrafikföretag behörighets- handlingar eller trafiktillstånd eller att återkalla sådana, därest, den icke finner det tillfredställande styrkt, att en väsentlig del av äganderätten till företaget innehavas av och den effektiva kontrollen av det samma utövas av en av de avtalsslutande parternas medborgare, eller därest lufttrafikföretag undarlåter att, såsom berörts in artikel 5 härovan, ställa sig till efterrättelse lagarna i den stat, över vars territorium det driver trafik, ellert därest företaget underlåter att fullgöra sina förpliktelser enligt föreliggande överenskommelse.

Artikel 7.

Denna överenskommelse ävensom alla därmed förbundna avtal skola inregistrer- ne hos den provisoriska internationella luftfartsorganisationen.

Artikel 8.

Envar av de avtalsslutande parterna må med ett års uppsägningstid bringa de trafikrättigheter att upphöra, som beviljats jämlikt denna överenskommelse.

86

12. sept.

86

12. sept.

9. gr.

Nú álitur annar hvor sanningsaðila æskilegt að breyta þeim leiðum eða skilmálum, sem settir eru í viðbæti þeim, sem samningi þessum fylgir, og getur hann þá krafizt samningaumleitana milli réttra yfirvalda beggja sanningsaðila, og skulu slíkar samningaumleitarnir hefjast innan 60 daga, frá því að slík krafa er gerð. Komi þessi yfirvöld sér gagnkvæmt saman um nýja eða endurskoðaða skilmála, er hafa áhrif á viðbætin, skulu tillögur þeirra í þessu efni ganga í gildi, þegar þær hafa verið staðfestar með skiptum á diplomatískum nótum.

Viðbætur við loftflutningasamning milli Íslands og Svíþjóðar.

A. Flugfélögum Svíþjóðar, sem löggildingu hljóta samkvæmt samningi þessum, skulu veitt réttindi til yfirferðar og viðkomu án flutnings á landssvæði Íslands, svo og réttindi til að taka og skilja eftir millilandaflutning, hvort heldur er farþegar, farmur eða póstur, í Keflavík, eða annarri hæfilegri flughöfn, á eftirfarandi leið:

Svíþjóð til Íslands og stöðvar handan þeirra endastöðva, með viðkomu á millistöðvum, í báðar áttir.

B. Flugfélögum Íslands, sem löggildingu hljóta samkvæmt samningi þessum, skulu veitt réttindi til yfirferðar og viðkomu án flutnings á landssvæði Svíþjóðar, svo og réttindi til að taka og skilja eftir millilandaflutning, hvort heldur er farþegar, farmur eða póstur, í Stokkhólmi eða annarri hæfilegri flughöfn á þessari flugleið:

Ísland til Svíþjóðar og stöðva handan þeirra endastöðva, með viðkomu á millistöðvum, í báðar áttir.

Leyfi ég mér hér með að tilkynna yður að ríkisstjórn Íslands fellst á, að með framangreindu erindi yðar og svarerindi þessu sé gerður samningur um loftflutninga milli Íslands og Svíþjóðar.

Artikel 9.

Därest andra av de avtals slutande parterna finner det önskvärt att vidtaga förändringar i de router eller villkor, vilka fastställda i närslutna bilaga, må denna part begära att överläggningar skola äga rum mellan de båda avtals slutande parternas behöriga myndigheter, varvid ifrågavarende överläggningar skola taga sin början inom sextio dagar räknat från den dag då begäran därom gjordes. Då dessa myndigheter ömsesidigt överenskommit om nya eller reviderade villkor, vilke avse bilagan, skola deras rekommendationer i ömnet träda i kraft, så snart dessa bekräftats genom en utväxling av diplomatiske noter.

Bilaga till luftfartsöverenskommelse mellan Sverige och Island.

A. Jämlikt föreliggande avtal auktoriserade luftfartsföretag i Sverige erhålla rätt att överflyga och företage tekniska mellanlandningar å isländskt territorium ävensom att i Keflavik eller annan härför lämpad flygplats upptaga och avlämna passagerarna, gods och post i internationall trafik på följande route:

Sverige till Island och platser därbortom, via mellanliggande platser, i båda riktningarna.

B. Jämlikt föreliggande avtal auktoriserade luftfartsföretag i Island erhålla rätt att överflyga och företaga tekniska mellanlandningar å svenskt territorium ävensom att i Stockholm eller annan härför lämpad flygplats upptaga och avlämna passagerare, gods och post i internationall trafik på följande route:

Island till Sverrige, och platser därbortom, via mellan liggande platser, i båda riktningarna.

Därest Islands Regering delar den Svenska Regeringens mening i detta avseende, tillåter jag mig föreslå Eder, Herr Statsminister, att denna min skrivelse jämte det svar, Ni behagade tillställa mig därå, skola utgöra en i detta

Enn fremur leyfi ég mér að tilkynna yður, að fallið er á, að samningurinn öðlist gildi frá og með þessum degi, og mun ríkisstjórn Íslands því skoða samninginn gildandi frá því í dag.

Ég leyfi mér að votta yður, herra sendi-
fulltrúi, virðingu mína.

Ólafur Thors.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, hinn 12. september 1945.

Ólafur Thors.

hänseende mellan våra Regeringar träffad 86
överenskommelse.

12. sept.

Om från Isländsk sida ingenting finns att erinra däremot, vill jag dessutom föreslå, att avtalet träder ikraft denna dag.

Mottag, Herr Statsminister, försäkran, om min utmärkta högaktning.

Otto Johansson.

BRÁÐABIRGÐALÖG

87

13. sept.

um breyting á lögum nr. 48 23. febrúar 1945, um skipakaup ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefur tjáð mér, að í lögum nr. 48 23. febrúar 1945, um skipakaup ríkisins, sé heimild ríkisstjórnarinnar til að láta smíða eða kaupa fiskiskip bundin við það, að skipin séu smíðuð erlendis. Hins vegar hafi athuganir ríkisstjórnarinnar leitt í ljós, að til þess að tryggja eðlilegt viðhald og aukningu fiskibátaflotans, sé nauðsynlegt að ríkisstjórnin hafi forgöngu um smíði fiskibáta innanlands. Þetta fyrirkomulag tryggi skipasmíðastöðvarnar, skipin fáist smíðuð með beztu kjörum og kaupendum skipanna gert hægara fyrir um að eignast skipin. Jafnframt sé nauðsynlegt að heimila ríkisstjórninni lántöku í þessu augnamiði.

Með því að ég fellst á, að brýn nauðsyn sé á því að ríkisstjórninni heimilist að láta smíða fiskiskip innanlands, gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa eða láta smíða fiskiskip, erlendis eða innanlands, með það fyrir augum, að þau verði seld einstaklingum, félagssamtökum eða bæjar- og sveitarfélögum.

2. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðist þannig:

Til framkvæmda samkvæmt 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að 30 milljóna króna lán, er greiðist upp er skipin hafa verið seld.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. september 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Áki Jakobsson.